

Minum á aðalfund *Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit*, sem haldinn verður í Skjólbrekku, fimmtudaginn 27. mars kl. 20:00.

Dagskrá:
-venjuleg aðalfundarstörf
-fræðsluerindi frá Sorpsamlagi Þingeyjarsýslu



Tekið er við skráningum á netfang félagsins, fjoregg@gmail.com og pósthólfið *Fjöregg, pósthólf 4079, 660 Mývatn*. Einnig verður hægt að skrá sig í félagið við upphaf aðalfundar. Við hvetjum sem flesta til að ganga í félagið.

Lagabreytingatillögur sem borist hafa verða sendar í tölvupósti til skráðra meðlima fyrir fundinn. Hægt er að nálgast breytingatillögur, ásamt núgildandi lögum félagsins, með því að hafa samband við undirbúningshóp í gegnum ofangreint netfang eða í síma 847 7199 (Bergþóra).

Þeim sem vilja bjóða sig fram í stjórn er bent á að hafa samband við okkur á netfang félagsins eða í síma 847 7199. Einnig verður hægt að bjóða sig fram á fundinum.

Undirbúningshópur



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

9. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 26. mars 2014

Afmælisbörn dagana 27. mars — 2. apríl 2014

28. Sólveig Pétursdóttir.
29. Hjörtur Smári Sigurðsson.
31. Jóhannes Pétur Héðinsson, Jón Bergmann Maronsson.
1. Sólveig Jónsdóttir, Þórarinn Brynjar Ingvarsson,
Þórhildur Jökla Davíðsdóttir
2. Valdimar Ellertsson.

Geðorð vikunnar.

Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast.

Öll eigum við drauma eða langar til að ná einhverju takmarki. Að setja sér markmið, hvort sem þau eru stór eða smá, er hollt fyrir alla. Mikilvægt er að markmið okkar séu raunsæ og að við ætlum okkur ekki um of. Slíkt gæti leitt til þess að við gefumst upp. Það er þá alltaf hægt að halda áfram og setja sér ný markmið, stefna enn hærra. Það hvetur okkur áfram og við fyllumst sjálfstrausti þegar við náum markmiðum okkar. Ef til vill komumst við að því að draumur okkar stendur ekki undir væntingum. Þá er ekkert að því að breyta um stefnu, reyna eitthvað nýtt og setja sér ný markmið. Allt þetta krefst þess þó að við tökum ábyrgð á okkur sjálfum og vinnum að takmörkum okkar, það getur enginn gert fyrir okkur. Það skiptir líka máli með hvaða hugarfari við setjum okkur markmið. Það er auðveldara að fara þangað sem þú óskar, heldur en burt frá á einhverju sem þú óskar ekki.

Samráðshópur um áfallahjálp.

Kammerkór Norðurlands fer í tónleikaferð um Norðurland með nýtt prógram þar sem tröll, álfar og draugar koma við sögu. Kórinn frumflytur m.a. ný lög eftir einn kórmeðlim, Lisu McMaster á Húsavík.

Gestastjórnandi er Eypór Ingi Jónsson.

Laugardagur 29.mars kl.12 í Ólafsfjarðarkirkju

Laugardagur 29.mars kl.17 á Sauðárkróki, Frímúrarasal

Sunnudagur 30.mars kl.17 í Akureyrarkirkju

Sunnudagur 30.mars kl.20 í Þorgeirskirkju



Unglingavinna – sumarið 2014.

Unglingum fæddum árin 1999 og 2000 er gefinn kostur á að sækja um vinnu í 3 tíma á dag (fyrir hádegi) í u.þ.b. tvo mánuði í sumar.

Unglingum fæddum árið 1998 er gefinn kostur á að sækja um vinnu í 7 tíma á dag (fyrir og eftir hádegi) í u.þ.b. tvo mánuði í sumar.

Umsóknum skal skilað (nægjanlegt að hringja í skrifstofu Skútustaðahrepps 464 4163) í síðasta lagi **9. apríl.**

Verði fáar umsóknir um unglíngavinnuna kann svo að fara að ekki verði unnt að halda henni úti.

Sveitarstjóri.



Auglýsing um skipulag.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 13. febrúar s.l. að auglýsa samhliða eftirfarandi skipulagstillögur:

Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Fyrirhuguð breyting lýtur að leiðréttingum á texta og augljósum villum. Breytingin er gerð til þess að koma í veg fyrir að orðalag skipulagsákvæða komi í veg fyrir eðlilega þróun byggðar og valdi óeðlilegum tögum við afgreiðslu einfaldra og sjálfsagðra mála. Jafnframt eru gerðar óverulegar leiðréttingar á texta.

Tillaga er auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr.123/2010

Sel-Hótel Mývatn, deiliskipulag

Fyrirhugaða deiliskipulag nær yfir landsvæði sem að mestu er í landi Skútustaða 2 en austurhluti þess er í eigu Skútustaða 3. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir færslu þjóðveggar um 30 m til norðurs, tveimur gönguleiðum yfir þjóðveg og undirgöngum fyrir búfenað. Einnig er gert ráð fyrir stækkun á byggingarreit hótels og verslunar, auk skilgreindra stæða fyrir bíla og rútur.

Tillagan er auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010

Tillöguuppdrættir og/eða greinargerðir munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn frá og með föstudeginum 28. mars til og með föstudeginum 9. maí. 2014. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps, www.myv.is/Stjórnsýslan/Skipulagsmál/Deiliskipulag.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 9. maí 2014. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps

til við sveitarstjórn að veitt verði fjárframlag til endurbóta á göngustígum og aðgengi að Höfða til þess að koma í veg fyrir hugsanleg náttúruspjöll vegna aukins fjölda ferðamanna á svæðinu.

7. Fráveitumál í Skútustaðahreppi.

Skipulags- og umhverfisnefnd Skútustaðahrepps telur mikilvægt að vernda vatnasvið og lífríki Mývatns og Laxár eins og kostur er og leggur til við sveitarstjórn í því sambandi að komið verði upp reglulegu eftirliti með rotþróum í sveitarfélaginu og tekin verði upp reglubundin losun þeirra t.d. annað hvert ár eins og tíðkast í öðrum sveitarfélögum. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að lögð verði á sérstök rotþróarlosunargjöld til að fjármagna þessar framkvæmdir.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

11. Leikskólastjóri

Tvær umsóknir bárust við auglýstri leikskólakennara stöðu. Þar sem hvorugur umsækjandinn hefur tilskilin réttindi samþykkir sveitarstjórn að auglýsa stöðuna aftur. Ákvörðun um ráðningu verður tekin að þeim umsóknarfresti loknum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.



ATHUGIÐ, ATHUGIÐ! Breyttur fundartími.



Aðalfundur
Björgunarsveitarinnar Stefáns
verður haldinn mánudagskvöldið 31. mars kl. 20:00
í húsi sveitarinnar að Múlavegi 2.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfunarstörf,
önnur mál.

Nýir félagar velkomnir.
Stjórnin.



Útboð nr. 20172.

Rekstur mötuneytis í Kröflu.

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í rekstur mötuneytis í Kröflu samkvæmt útboðsgögnum nr. 20172.

Vettvangsskoðun fer fram í Kröflustöð þriðjudaginn 1. apríl 2014 kl. 11:00.

Útboðsgögn er hægt að nálgast á útboðsvef Landsvirkjunar utbod.lv.is

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 miðvikudaginn 16. apríl 2014 þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Kæru sveitungar,

munið leiklistakaffi Menningarfélagsins Gjallanda í Skjólbrekku í kvöld klukkan 20:00.

Gaman væri ef þeir sem eiga gamlar myndir er tengjast leiklistarlífinu í sveitinni, tækju þær með til að sýna.

Þess er rétt að geta að myndböndin af uppsetningum Mývetnings sem geymd voru í Sparisjóðnum eru enn ófundin.

Allar ábendingar um afdrif myndbandanna má senda á

gjallandi@gjallandi.is

eða hafa samband við Bjarna, Davíð eða Garðar.

Menningarfélagið Gjallandi.

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Mývatnssveit þar sem hann óskar eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag á jörð sinni Garði II á svæði sem skilgreint er sem 373 A í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

Skipulags- og umhverfisnefnd heimilaði umsækjanda að láta vinna deiliskipulag af umræddu svæði á fundi sínum 27. janúar s.l.

Innkomin ný gögn, skipulagslýsing dags. 26. febrúar 2014 frá Búgarði. Skipulagslýsingin er lögð fram skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagslýsinguna og feli jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna hana fyrir almenningi, Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum eins og 3. mg. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

5. Dimmuborgir. Bygging salernisaðstöðu.

Erindi dags. 3. mars 2014 frá Daða Lange Friðrikssyni, héraðsfulltrúa hjá Landgræðslu ríkisins, en hann vill kanna hvort Skútustaðahreppur geri einhverjar athugasemdir við að Trésmiðjan Rein ehf., sem rekur ferðapjónustu í Dimmuborgum, komi upp færanlegu salernishúsi með svipuðu sniði og þær byggingar sem fyrir eru á svæðinu. Væntanleg bygging yrði staðsett innan byggingarreits á gildandi deiliskipulagi skv. meðfylgjandi upprætti.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð byggingaráform en bendir á að væntanleg bygging þurfi að uppfylla þau ákvæði byggingarreglugerðar er varða varanleg mannvirki, byggingin uppfylli kröfur um algilda hönnun og frárennslismál verði skv. kröfum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma sjónarmiðum nefndarinnar, sem rædd voru á fundinum, á framfæri við Landgræðsluna og UST.

6. Höfði. Takmörkun á aðengi ferðamanna og gjaldtaka.

Eftirfarandi erindi dags. 10. febrúar 2014 barst sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd í tölvupósti frá Laufeyju Sigurðardóttur:

„Síðastliðið sumar var augljóst að stefndi í metár varðandi fjölda ferðamanna í Mývatnssveit. Ástæða var til að óttast um marga viðkvæma staði enn frekar en áður. Þegar nýverið fréttist að fækka ætti landvörðum þegar eðlilegra hefði verið að fjölga í stéttinni varð mér hugsað til Höfða og umgengni þar, svo og bréfs ömmu minnar Guðrúnar Pálsdóttur sem hún skrifaði til þáverandi sveitarstjórnar varðandi opnunartíma í Höfða. Þar fer hún fram á að garðurinn verði lokaður almenningi á kvöldin. Mér blöskrar hvernig fólk var skóflað inn í garðinn í stórum bílförnum og er þess fullviss að lokun hluta úr sólarhringnum veitir staðnum nauðsynlega vernd og hvíld. Ég leyfi mér einnig að stinga upp á að athugað verði með gjaldtöku inn í garðinn, Höfði er að einhverju marki mannvirki og dýr í rekstri. Tímarnir eru breyttir frá því gjaldtaka var seinast reynd, aðstreymi fólks miklu meira og jákvætt viðhorf til náttúruverndar hefur meira vægi en þá. Að loka og opna hliði er einfalt útfærsluatriði.

Að lokum bið ég ykkur að virða óskir Guðrúnar Pálsdóttur sem eru í dag mun brýnni en þegar þær voru settar fram.“

Skipulags- og umhverfisnefnd leggst eindregið geng gjaldtöku og lokun svæðisins, en leggur

Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af friðlýstu svæði Hverfjalls. Deiliskipulagslýsingin var kynnt eins og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Innkomin ný gögn 27. nóvember 2013, tveir deiliskipulagsupprættir í mkv. 1:1000 og 1:4000 og greinargerð frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, f.h. Umhverfisstofnunar. Skipulags- og umhverfisnefnd gerði nokkrar athugasemdir við tillöguna. Tillagan var kynnt á almennum kynningarfundum í Reykjahlíðarskóla 10. desember s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir komu fram sem gáfu tilefni til breytinga á tillögnum.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2014 að auglýsa tillöguna eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um og var hún auglýst með athugasemdarfresti frá og með 24. janúar og til og með 7. mars 2014. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagstillöguna og feli jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku hennar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

3. Skútustaðagígur. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Skútustaðagíga. Erindið var áður á dagskrá á 30. fundi skipulags- og umhverfisnefndar 15. ágúst s.l. þar sem lögð er fram deiliskipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag Skútustaðagíga frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf., f.h. Umhverfisstofnunar.

Deiliskipulagstillagan afmarkast af friðlýstu svæði Skútustaðagíga.

Deiliskipulagslýsingin var kynnt eins og 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um frá og með 27. júní til og með 17. júlí 2013.

Umsagnir og athugasemdir bárust frá Birni og Gylfa Yngvasonum, landeigendum Skútustaða 2, og hefur verið komið til móts við þær í skipulagsvinnunni.

Innkomin ný göng 30. október 2013, tveir deiliskipulagsupprættir, tveir skýringarupprættir og greinargerð frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, f.h. Umhverfisstofnunar.

Tillagan var kynnt á almennum kynningarfundum í Reykjahlíðarskóla 10. desember s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir sem gáfu tilefni til breytinga á tillögnum.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2014 að auglýsa tillöguna eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um og var hún auglýst með athugasemdarfresti frá og með 24. janúar og til og með 7. mars 2014. Athugasemdir bárust frá Minjastofnun Íslands varðandi ónákvæmni í hnitsetningu á minjastöðum og samkvæmt því mun skipulagsráðgjafi bæta eftirfarandi skilyrðum inn í greinargerðina:

Þar sem um ónákvæmni gæti verið að ræða í skráningu fornminja skal áður en farið verði í framkvæmdir í nánd við þær fara fram deiliskráning á vettvangi til að staðsetja þær nákvæmar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagstillöguna þegar greinargerðin hefur verið leiðrétt og jafnframt feli hún skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagsins eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

4. Garður II. Tillaga að deiliskipulagi

Tekið fyrir að nýju erindi dags 23. desember 2013 frá Kára Þorgrímssyni Garði II í

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

68. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 13. mars. 2014, kl 09:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum, 276. mál.
3. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 277. mál.
4. Endurnýjun á heitum pottum í ÍMS, viðauki við fjárhagsáætlun.
5. Fulltrúar frá Gámapjónustunni mæta til fundar vegna fyrirhugaðrar breytinga á sorphirðu.
6. Erindi frá Agnesi Brá Birgisdóttur f.h. Svæðisráðs Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.
7. Erindi frá Álfðisi Stefánsdóttur.
8. Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 4. mars.
9. Trúnaðarmál.
10. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 10. mars.
11. Leikskólastjóri.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sambandsins dags. 28. feb.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning
Oddviti setti fund.
2. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum, 276. mál.
Með þingsályktunartillögnum er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að leita eftir samningi um kaup á Grímsstöðum á Fjöllum og tryggja þannig að jörðin verði þjóðareign.

Telji flutningsmenn tillögunnar að Ríkissjóður Íslands sé aflögufær um fjármuni til kaupa á jörðinni, getur sveitarstjórn Skútustaðahrepps lítið sagt við því. Það er hins vegar skoðun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps að þeim fjármunum væri betur varið til brýnni verkefna t.d. til heilbrigðisþjónustu, löggæslu, landvörslu eða snjómoksturs á milli Norður- og Austurlands.

3. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkauþ á landi, 277. mál.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglugerðir er varða uppkauþ á bújörðum og öðru nytjalandi. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er jákvæð fyrir endurskoðun laga og reglugerða er varða uppkauþ á landi.

4. Endurnýjun á heitum pottum í ÍMS, viðauki við fjárhagsáætlun.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2014 var gert ráð fyrir kr. 7 millj. til viðhalds á heitum pottum við Íþróttamiðstöð. Nú hefur komið ljós að endurnýja þarf báða pottana og því dugar þessi upphæð ekki til.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi áætlun um endurnýjun heitra potta í Íþróttamiðstöð. Vegna þessara framkvæmda samþykkir sveitarstjórn viðauka við fjárhagsáætlun kr. 8. millj. Þeim kostnaði verður mætt með eigin fé.

5. Fulltrúar frá Gámaþjónustunni mæta til fundar vegna fyrirhugaðrar breytinga á sorphirðu.

Til fundarins mættu Helgi Pálsson og Árni Leósson frá Gámaþjónustunni. Helgi kynnti starfsemi fyrirtækisins og hvaða lausnir það gæti boðið vegna fyrirhugaðra breytinga á sorphirðu í sveitarfélaginu. Ýmislegt rætt svo sem hversu langt á að ganga í flokkun sorps, kostnaður, þjónusta við íbúa, fyrirtæki og gesti. Velt upp þeirri hugmynd að tunnurvæða heimilin og þar með færu allir heimilisgámarnir sem nýttir eru í dag. Fyrirtækin yrðu að sjá um sig. Útbúa gámasvæði fyrir járn og timbur með takmörkuðu aðgengi og gegn gjaldtöku. Fram kom að kostur gæti verið fyrir sveitarfélög á þjónustusvæði Sorpsamlags Þingeyinga að hafa sama fyrirkomulag á sorphirðu hvað heimilin varðar þar sem ákveðin samlegðaráhrif og sparnaður gæti fengist með því.

6. Erindi frá Agnesi Brá Birgisdóttur f.h. Svæðisráðs Austursvæðis Vatnajökulspjódgarðs.

Í bréfi þjóðgarðsins kemur fram að í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjódgarðs er gert ráð fyrir að komið verði á fót upplýsingamiðstöð í Möðrudal í samstarfi við ferðaþjónustuaðila. Á síðast ári var samþykkt umtalsverð stækkun á Austursvæði þjóðgarðsins þegar Krepputunga var friðlýst. Þetta svæði liggur næst Möðrudal sem vaxið hefur gríðarlega sem viðkomustaður ferðamanna síðasta áratuginn. Fram til þessa hafa ferðaþjónustuaðilar í Möðrudal reynt að sinna upplýsingagjöfni eftir fremsta mengi en rýmið býður ekki uppá upplýsingamiðlun og starfsfólk hefur auk þess nóg að gera í öðrum störfum. Þá sé heldur ekki hægt að ætlast til að ferðaþjónustuaðilarnir sjálfir beri kostnað af almennri upplýsingagjöf á þessum mikilvæga viðkomustað ferðamanna á Fjöllum. Eigendur Fjalladýrðar hafa lýst sig reiðubúna til að hýsa upplýsingamiðstöð og leigja þá aðstöðu til þjóðgarðsins og sveitarfélaga. Í bréfinu segir að þar sem það sé ekki einvörðungu hagar Vatnajökulspjódgarðs að auka upplýsingamiðlun í Möðrudal þyki svæðisráði Austursvæðis þjóðgarðsins rétt að leita eftir samstarfi við sveitarfélögin austan og norðan við Möðrudal um aðkomu að uppbyggingu og rekstri upplýsingamiðstöðvar þar til að mæta aukinni umferð ferðamanna í báðar áttir.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er jákvæð fyrir uppbyggingu upplýsingamiðstöðvar í

Möðrudal. Sveitarstjórn telur sér hins vegar ekki fært að koma að þeim rekstri með beinum hætti, þar sem sveitarfélagið kemur nú þegar með fjárstuðningi, að rekstri upplýsingamiðstöðvar í Mývatnssveit. Vonir eru bundnar við gott samstarf og samvinnu aðila í Möðrudal og Mývatnssveit um upplýsingagjöf til ferðamanna.

7. Erindi frá Álfðísi Stefánsdóttur.

Erindinu er frestað.

8. Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 4. mars.

Með bréfi dags. 4. mars óskar Innanríkisráðuneyti eftir upplýsingum um aðkomu sveitarfélagsins að lagningu ljósleiðara í hreppnum. Tilurð bréfsins er bréf Jóhannesar Péturs Héðinssonar til ráðuneytisins hvað þetta varðar. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að svara bréfinu.

9. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

10. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 10. mars.

1. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi í Reykjahlíð.

Tekið fyrir að nýju erindi frá 2. desember 2013 þar sem lögð var fram lýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf dags. 27. nóvember 2013. Fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar varða þéttbýlisupprátt Reykjahlíðar. Breytingarnar eru gerðar til samræmis við tillögur að deiliskipulagi Reykjahlíðar og tillögu að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar sem nú eru til meðferðar hjá nefndinni og kalla á umræddar breytingar. Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi var auglýst og kynnt íbúum sveitarfélagsins og umsagnaraðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um frá og með 18. desember til og með 8. janúar 2014.

Athugasemdir og umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Kristínu Þuríði Sverrisdóttur, Jóni Illugasyni, Birki Fanndal, Sigfúsi Illugasyni og Minjastofnun Íslands.

Vegna þeirra athugasemda og umsagna sem borist hafa samþykkt skipulags- og umhverfisnefnd á fundi sínum 27. janúar s.l. að gerðar yrðu nokkrar breytingar á fyrirbyggjandi tillögum að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á aðalskipulagi:

Innkomin ný gögn, breytingarblað vegna breytinga á aðalskipulagi, dags. 7. mars 2014, frá Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún afgreiði tillögu að breytingu á aðalskipulagi í Reykjahlíð og feli jafnframt skipulags og byggingarfulltrúa að senda hana til Skipulagsstofnunar til athugunar áður en hún verður auglýst eins og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

2. Hverfjall, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 23. maí frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, f.h.

Umhverfisstofnunar þar sem lögð er fram deiliskipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag Hverfjalls/Hverfells og umhverfis. Erindið var áður á dagskrá nefndarinnar 27. maí s.l.